

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 24. júní 2020 í máli nr. 1/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 5. mars 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um kaup á notaðri bifreið á uppboði af Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla og krefst þess að varnaraðili kaupi bifreiðina af honum fyrir 1.800.000 krónur til að bæta honum það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna gallans. Kærunefndin leggur þann skilning í kröfu sóknaraðila að í henni felist krafa um riftun kaupanna, samkvæmt 32. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og krafa um skaðabætur samkvæmt 33. gr. sömu laga. Varnaraðili telur að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla og hafnar kröfu sóknaraðila.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með bréfi, dags. 21. mars 2020, og aftur þann 7. apríl 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Varnaraðili óskaði eftir fresti til að skila inn andsvörum sem samþykktur var til 20. apríl 2020. Lokafrestur til andsvara var síðar samþykktur til 28. apríl 2020. Andsvör varnaraðila bárust 28. apríl 2020. Þann 28. apríl 2020 var sóknaraðila boðið að senda nefndinni athugasemdir vegna andsvara varnaraðila. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir þann 4. maí 2020. Varnaraðila var boðið að senda inn frekari andsvör vegna athugasemda sóknaraðila þann 16. apríl 2020, innan viku frá dagsetningu bréfsins. Frekari andsvör varnaraðila bárust nefndinni 11. maí.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, söluauglýsing fyrir bifreiðina á uppboðsvef, ökutækjaferill bifreiðarinnar, skrifleg samskipti milli málsaðila, bréf frá varnaraðila til sóknaraðila dags. 22. október 2019, upplýsingar af vef Samgöngustofu um skráningu tjónabifreiða, upplýsingar um raunsöluverð bifreiða af sömu gerð og deilt er um í málinu, sundurliðaður kostnaður sóknaraðila vegna kaupa á varahlutum og vinnu bifvélavirkja við viðgerð á bifreiðinni.

Með bréfi, dags. 14. maí 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili keypti bifreiðina A af varnaraðila á uppboði sem fór fram á vefsíðunni [www.bilauppboð.is](http://www.bilauppboð.is) þann 24. júlí 2019 fyrir 317.999 krónur. Um bifreið af gerðinni Volkswagen Passat Alltrack, árgerð 2012, var að ræða. Hafði bifreiðinni verið ekið 119.257 km. á kaupdegi. Við kaupin lá fyrir að bifreiðin hafði orðið fyrir tjóni eftir umferðaróhapp og hafði varnaraðili skilað skráningarnúmerum bifreiðarinnar tímabundið inn til Samgöngustofu.

Þegar sóknaraðili fékk bifreiðina afhenta kveðst hann hafa fest kaup á varahlutum og farið í kjölfarið með bifreiðina á verkstæði til viðgerðar. Að sögn sóknaraðila var gerð tilraun til að sækja skráningarnúmer bifreiðarinnar til Samgöngustofu þegar viðgerð var lokið svo unnt væri að taka bifreiðina í notkun. Að sögn sóknaraðila fengust hins vegar þær upplýsingar frá starfsmanni Samgöngustofu að svokallaður tjónalás II væri á bifreiðinni og því væri ekki unnt að afhenda númeraplötur bifreiðarinnar.

Fyrir liggur í gögnum málsins að tölvukerfi Króks ehf., sem sá um uppboðið, sótti upplýsingar um stöðu bifreiðarinnar í gagnabanka Samgöngustofu tveimur mínútum eftir að uppboðið hófst klukkan 09:12 þann 18. júlí 2019. Þar kom fram að hvorki væri skráður slysané tjónaferill á bifreiðina. Í lok þess dags hafði tjónalás II verið skráður á bifreiðina hjá Samgöngustofu. Sóknaraðila var hins vegar ljóst að bifreiðin hafði orðið fyrir tjóni.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin vegna skorts á upplýsingum og rangra upplýsinga um bifreiðina af hálfu varnaraðila. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að kaupa bifreiðina af honum fyrir 1.800.000 krónur. Varnaraðili telur að fullnægjandi upplýsingar hafi legið fyrir við kaupin og krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

#### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að uppboðsgögn hafi ekkert breyst frá því bifreiðin var fyrst auglýst á uppboði þar til hann festi kaup á bifreiðinni. Sóknaraðila hafi ekki verið gerð grein fyrir breyttri skráningu bifreiðarinnar í ökutækjaskrá Samgöngustofu. Hann hafi myndað sér skoðun á verðmæti bifreiðarinnar í upphafi og ekki sent inn tilboð fyrr en við lok uppboðs.

Sóknaraðili tekur fram að frá upphafi hafi legið fyrir að bifreiðin hafi lent í tjóni. Að sögn sóknaraðila er hins vegar mikill munur á því að bifreið hafi lent í tjóni og að tjónalás II sé skráður á bifreiðina. Ekkert hafi komið fram fyrir eða við undirritun kaupsamnings um að bifreiðin væri skráð með tjónalás. Skráningu bifreiðarinnar hafi verið breytt á meðan afmarkað sex daga uppboð fór fram. Sóknaraðili bendir á að ef varnaraðila verður talið heimilt að breyta skráningu á fyrsta degi uppboðs sé óljóst hver takmörkin eru og hvort heimilt sé að breyta slíkri skráningu allt að uppboðslokum.

Sóknaraðili bendir á að formleg skráning bifreiðarinnar í ökutækjaskrá skipti miklu máli enda eigi kaupandi að geta treyst því sem fram komi í ökutækjaskrá samkvæmt reglugerð nr. 699/2017 um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja. Skráningin sé réttþærri en upplýsingar um bifreið á uppboðsvef.

Sóknaraðili hafði samband við varnaraðila þann 12. september 2019 og óskaði eftir því að tjónalásinn yrði afmáður ásamt öllum ummerkjum um hann. Varnaraðili kvaðst ekki geta orðið við því og benti á að formlegt ferli þurfi að eiga sér stað til þess af hálfu viðurkennds bifvéla verkstæðis. Varnaraðili bauð sóknaraðila að kaupa bifreiðina til baka á sama verði og sóknaraðili keypti hana á. Sóknaraðili hafnað því og benti á að hann hafi lagt

út fyrir viðgerðarkostnaði sem varnaraðila beri að endurgreiða honum. Þá hefur sóknaraðili krafist þess að varnaraðili kaupi af honum bifreiðina fyrir 1.800.000 krónur en varnaraðili hefur hafnað þeirri kröfu. Leitaði sóknaraðili í kjölfarið til kærunevndarinnar.

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að krafa hans um kaup varnaraðila á bifreiðinni fyrir 1.800.000 krónur miði við áætlað raunsöluverð bifreiðarinnar en verkstæðiskostnaður sé nú kominn yfir 1.000.000 krónur. Sóknaraðili hafi þó ekki haft tók á að greiða viðgerðarkostnaðinn.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili telur að sóknaraðili hafi búið yfir öllum nauðsynlegum upplýsingum um ástand bifreiðarinnar þegar hann gerði tilboð í hana. Í auglýsingu bifreiðarinnar kom fram að um skráð tjónaökutæki væri að ræða og báru öll sölugögn það með sér. Í auglýsingunni kom einnig fram að skráningarnúmer bifreiðarinnar hafi verið lögð inn þann 17. júlí. Sóknaraðila gat því ekki dulist hvernig ástætt væri um skráningu bifreiðarinnar og hvað þyrfti að gera til að fá skráningarnúmerin afhent. Umsamið kaupverð var að sögn varnaraðila í samræmi við raunverulegt virði bifreiðarinnar á þeim tíma sem uppboðið fór fram.

Auglýsing fyrir bifreiðina var birt á uppboðsvef Króks snemma morguns þann 18. júlí 2019 og var skráning í ökutækjaskrá Samgöngustofu uppfærð síðar sama dag. Þetta misræmi milli auglýsingar og skráningar hefði þó að sögn varnaraðila átt að leiða til frekari skoðunar á ástandi bifreiðarinnar af hálfu sóknaraðila. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki kannað með neinum hætti hvers vegna skráning í ökutækjaskrá var ekki í samræmi við skýrar og afdráttarlausar upplýsingar í uppboðsauglýsingu. Varnaraðili tekur einnig fram að sóknaraðili hafi gert tilboð í bifreiðina þann 24. júlí 2019 og á þeim tíma hafi verið liðnir sex dagar frá því að tjónaskráning í ökutækjaskrá var uppfærð. Auðvelt sé að finna tengil á heimasíðu Samgöngustofu á uppboðssíðu Króks þar sem hægt er að sjá feril viðkomandi bifreiðar. Þá hafi útprentun úr ökutækjaskrá ekki verið hluti af þeim gögnum sem varnaraðili sendi með auglýsingunni.

Varnaraðili bendir á að undirritun kaupsamnings fór fram 25. júlí 2019 en krafa sóknaraðila hafi ekki komið fram fyrr en með tölvupósti 12. september 2019. Í svari varnaraðila þann 13. september 2019 segir að varnaraðili geti ekki afmáð tjónalás af bifreiðinni. Viðurkennt bifvéilverkstæði þurfi að óska eftir því að tjónalásinn verði afmáður þegar viðgerð hefur farið fram. Sóknaraðili ætti því að geta leitað til verkstæðisins sem framkvæmdi viðgerðina og óskað eftir því að bifreiðin fari í gegnum sérstakt skoðunarferli til þess að fá tjónalásinn afmáðan. Í kjölfarið sendi sóknaraðili kröfubréf til varnaraðila þann 25. september 2019 sem svarað var 22. október. Sóknaraðili svaraði ekki bréfi varnaraðila né þeim sáttatillögum sem þar komu fram.

Varnaraðili bendir á að krafa sóknaraðila um kaup á bifreiðinni fyrir 1.800.000 krónur „til að dekkja vinnu á verkstæði, varahluti, verðyrnun á ökutæki og kostnað.“ sé ekki studd neinum gögnum né rökstudd að öðru leyti. Sóknaraðili hafi ekki á neinu stigi lagt fram reikninga frá verkstæði vegna viðgerða eða kaupa á varahlutum. Þá liggi ekkert fyrir um verðyrnun ökutækisins eða annan tilfallinn kostnað sem sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir. Varnaraðili telur sér því ekki fært að taka afstöðu til kröfunnar.

### 3.3. Gagnaöflun

Við meðferð málsins benti kærunevndin sóknaraðila á að ekki hefðu verið lögð fram gögn í málinu sem staðfesta það fjárhagslega tjón sem sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir

vegna galla á bifreiðinni umfram kaupverð hennar. Framangreindar upplýsingar og leiðbeiningar af hálfu kærunefndarinnar til sóknaraðila voru gefnar með hliðsjón af ákvæðum 7. og 10. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Sóknaraðili lagði fram gögn til skýringar á kröfunni þann 4. júní 2020. Í gögnunum er sundurliðaður kostnaður vegna kaupa á varahluti fyrir bifreiðina, alls að fjárhæð 487.620 krónur, svo og vinnu bifvélavirkja á verkstæði að fjárhæð 793.940 krónur. Kærunefndin óskaði einnig eftir upplýsingum hvort eða hvað standi í vegi fyrir því að tjónaskráningin verði afnumin þar sem viðgerð er lokið. Að sögn sóknaraðila var viðgerðin framkvæmd af verkstæði sem ekki er viðurkennt og hefur verkstæðið ekki heimild til að óska eftir því að læsingin verði afnumin. Þann 9. júní 2020, lagði sóknaraðili fram reikning, dagsettan þann 1. júní 2020, að fjárhæð 1.282.635 krónur vegna viðgerða af hálfu B bifvélavirkja.

Varnaraðila var boðið að senda nefndinni athugasemdir vegna gagnanna og bárust þau þann 5. júní 2020. Í andsvörum varnaraðila er bent á að um ódagsett og óundirrituð skjöl sé að ræða sem eigi að endurspeglja útlagðan kostnað sóknaraðila. Engir reikningar séu lagðir fram til stuðnings yfirliti sóknaraðila, hvorki vegna kaupa á varahlutum eða vinnu á verkstæði. Í málinu hafi því ekkert verið lagt fram sem staðfesti að sóknaraðili hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna útlagðs kostnaðar sem varnaraðila beri að endurgreiða honum. Varnaraðili telur sig þar af leiðandi ekki hafa forsendur til að leggja mat á kröfu sóknaraðila með hliðsjón af framlögðum gögnum.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili keypti bifreiðina A af varnaraðila á uppboði í gegnum vefsíðuna [www.bilauppboð.is](http://www.bilauppboð.is) þann 24. júlí 2019 fyrir 317.999 krónur. Fyrirtækið Krókur ehf. hafði umsjón með uppboðinu. Um kaup á bifreið af gerðinni Volkswagen Passat Alltrack, árgerð 2012, var að ræða, og hafði henni verið ekið 119.257 km. á kaupdegi.

Í uppboðsauglýsingu vegna bifreiðarinnar kom eftirfarandi fram: „Bifreiðin er seld í því ástandi sem hún er og ekki er tekin nein ábyrgð á mögulegum göllum, bilunum eða búnaði sem mögulega hefur verið fjarlægður úr bílnum hvort sem galli, bilun eða vöntun er tengd tjóni eða ekki. Að auki er vísað til skilmála uppboðsins. Vinsamlegast hafið það í huga áður en tilboð er gert í bílinn. Athugið að ekki er gefinn út reikningur vegna sölu tjónamunar. Skemmdur eftir útafakstur“. Þá hafði verið merkt við „Já“ undir liðnum „Skráð tjónaökutæki“.

Sóknaraðili telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin þar sem varnaraðili hafi ekki greint frá því að tjónalás II væri skráður á bifreiðina. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að taka umráð bifreiðarinnar gegn greiðslu að fjárhæð 1.800.000 krónur. Kærunefndin lítur á kröfu sóknaraðila sem kröfu um riftun kaupanna, samkvæmt 32. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og krafa um skaðabætur samkvæmt 33. gr. sömu laga. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Ákvæði 1. mgr. 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) fjallar um það hvenær söluhlutur telst haldinn galla við afhendingu þegar hann er seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara. Þar segir að söluhlutur sé haldinn galla þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;  
b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í 2. mgr. 17. gr. nkpl. segir að ákvæði 1. mgr. gildi eftir því sem við á við sölu á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur. Þá kemur fram í b. og c. lið 16. gr. nkpl. að söluhlutar sé haldinn galla ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;  
c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur fram að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Við mat á því hvort bifreið sóknaraðila hafi verið haldin galla við kaupin þann 24. júlí 2019 verður að líta til framangreindra ákvæða sem kveða á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda. Sóknaraðili byggir á því að hann hafi talið sig vera að festa kaup á bifreið sem hafi lent í tjóni og þarfnaðist viðgerða. Honum hafi hins vegar ekki verið ljóst að á bifreiðina væri skráður tjónalás II. Varnaraðili telur að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst af þeim upplýsingum sem fram komu í uppboðsauglýsingu að bifreiðin væri skráð tjónabifreið með þeim afleiðingum sem það hefur.

Bifreiðar eru tjónaskráðar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja, með síðari breytingum. Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar er tjónaökutæki skilgreint sem: „Ökutæki sem orðið hefur fyrir tjóni sem getur haft áhrif á aksturseiginleika þess og akstursöryggi. Hafi slíkt tjón orðið á ökutæki skal skilgreina og skrá ökutækið sem tjónaökutæki og notkun þess bönnuð. Ekki má taka slíkt ökutæki í notkun á ný nema að fram fari viðgerð á því af viðurkenndu réttingaverkstæði.“

Bifreið er skilgreind sem tjónaökutæki I þegar bifreiðin hefur lent „í óhappi og tilkynnt hefur verið af lögreglu eða tollstjóra til Samgöngustofu.“ Þá er bifreið skilgreind sem tjónaökutæki II þegar hún hefur lent í óhappi og tilkynnt hefur verið um það af tryggingafélagi til Samgöngustofu. Ef bifreið hefur verið skráð sem tjónaökutæki I er unnt að óska eftir endurmati innan 20 virkra daga frá skráningu í ökutækjaskrá. Slíkt endurmat getur leitt til niðurfellingar á tjónaskráningu ef tjón telst ekki hafa áhrif á aksturseiginleika og akstursöryggi bifreiðarinnar. Ef tjón er talið hafa slík áhrif verður bifreið skráð sem tjónaökutæki II í kjölfar endur matsins. Ef ekki er óskað eftir endurmati á tjónaskráningu I innan frestsins verður bifreið sjálfkrafa skráð sem tjónaökutæki II.

Ekki er heimilt að taka bifreiðar í notkun eftir tjónaskráningu nema gert hafi verið við þær á viðurkenndu réttingaverkstæði sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Þegar fullnægjandi vottorð um viðgerð á tjónabifreið berst Samgöngustofu, frá viðurkenndu réttingaverkstæði, er tjónaskráning í ökutækjaskrá felld niður og heimilt er að nota bifreiðina að nýju. Skráningin helst engu að síður í ferilskrá bifreiðarinnar.

Í gögnum málsins kemur fram að tölvukerfi uppboðssíðunnar, sem hélt utan um uppboð bifreiðarinnar fyrir hönd varnaraðila, hafi sótt ferilskrá bifreiðarinnar til Samgöngustofu sjálfkrafa um leið og hún var skráð á uppboð. Í þeirri ferilskrá var ekkert tjón skráð á bifreiðina og var ekki óskað eftir tjónaskráningu fyrr en síðar sama dag. Fallist er á það með sóknaraðila að misvísandi upplýsingar hafi verið veittar um bifreiðina fyrir kaupin. Upplýsingarnar voru settar fram af hálfu umboðsmanns varnaraðila við kaupin og verður litið á þær sem upplýsingar frá varnaraðila sjálfum, sbr. 2. mgr. 16. gr. nkpl.

Hins vegar verður ekki litið framhjá því að varnaraðili eignaðist bifreiðina eftir að hún hafði orðið fyrir tjóni. Tekið var fram í uppboðsauglýsingu að bifreiðin væri skemmd eftir útafakstur og undir liðnum „Skráð tjónaökutæki“ í auglýsingunni er svarið „Já“. Fyrir kaupin kom því fram með skýrum hætti að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. nkpl. getur neytandi ekki sett fram kröfu vegna galla ef um ræðir atvik sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaup áttu sér stað.

Með hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja var tjónaskráning bifreiðarinnar fyrirsjáanleg afleiðing þess að bifreiðin hafði orðið fyrir tjóni eftir útafakstur sem varð til þess að hún var seld á uppboði af hálfu varnaraðila.

Það að ekkert tjón hafi verið skráð á bifreið, sem lá fyrir að væri skemmd eftir umferðaróhapp, og að getið var um tjónaskráningu bifreiðarinnar í uppboðsauglýsingu, gaf sóknaraðila tilefni til að kanna nánar þetta misræmi, sér í lagi ef tjónaskráning bifreiðarinnar skipti sóknaraðila máli. Þá kom fram í fyrirliggjandi ökutækjafaerli bifreiðarinnar að skráningarnúmer hennar hefðu verið lögð inn til Samgöngustofu þann 17. júlí 2019. Var sóknaraðili í lófa lagið að kanna frekar af hverju misræmið stafaði. Sóknaraðili getur því ekki borið fyrir sig að bifreiðin sé haldin galla vegna þessa sem leiði til þess að hann geti rift kaupunum, sbr. 32. gr. nkpl. Þá er ekkert sem bendir til þess að bifreiðin hafi verið í verra ástandi en sóknaraðili hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a. liður 1. mgr. 17. gr. nkpl. Í því sambandi verður að líta til þess að sóknaraðili keypti bifreiðina fyrir 317.999 krónur sem er um það bil 16% af þeirri fjárhæð sem málsaðilar telja markaðsvirði bifreiðarinnar án tjónaskráningar.

Með hliðsjón af framangreindu getur kærunefndin ekki fallist á það með sóknaraðila að varnaraðili hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína sem leiði til þess að bifreiðin teljist hafa verið haldin galla við kaupin í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

## V Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson